

Sveitarfélagið Hornafjörður
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

Selfoss, 1.11.2023
UST202301-250/H.M.V.
08.14.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 2. ágúst 2023 - Sveitarfélagið Hornafjörður

Þann 2. ágúst sl. fór fram eftirlit á urðunarstað Sveitarfélags Hornafjarðar í Lóni. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Í eftirliti ársins 2022 kom fram frávík frá gr. 3.2 í starfsleyfi, sbr. 20 gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Varðaði það að vatn var í eldri gryfjum þar sem lokafrágangur hafði farið fram. Við eftirlit nú var ekkert vatn sjáanlegt í gryfjum sem búið var að ganga frá. Ekki er þó hægt að útiloka vatnsöfnun í urðunarreinum þar sem lokafrágangur hefur farið fram þar sem þurrt hafði verið í veðri dagana fyrir eftirlit.

Átti úrbótaáætlun að vera skilað fyrir 14. febrúar 2022. Ekki barst Umhverfisstofnun úrbótaáætlun innan þess tímafrests.

Þrjár ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

1. Þar sem svæðið er mjög berskjaldað fyrir vindum hefur mikið af úrgangi fokið til um svæðið. Er þörf á að hreinsa til á svæðinu. Fiskinet eru inná svæði rekstraraðila, eru þau notuð til að hindra fok á svæðinu samkvæmt rekstraraðila. Skal halda magni þeirra í lágmarki og halda svæðinu eins snyrtilegu og mögulegt er.
2. Fé hafði komist inn á svæði rekstraraðila og voru á beit við eftirlit. Sjá þarf til þess að ástand girðinga sé yfirfarið til að takmarka aðgang inn á svæðið.
3. Tímabært er að endurskoða / athuga hvort að hreinisvirki þarfnist hreinsunar. Síðast var það hreinsað í apríl 2021.

Tvö frávík komu fram er varða:

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Samkvæmt grænu bókhaldi rekstraraðila voru urðuð 6.960 kg af olíumettuðum jarðvegi í Lóni árið 2022. Olíumettaður jarðvegur flokkast sem spilliefni og er urðun á slíkum úrgangi óheimil. Vísast í tl. 5.3 í 5. gr. reglugerðar nr. 806/2009 um spilliefni fyrir viðeigandi meðhöndlun. Jafnframt er vísað á 2. tl. 54. gr. laga um meðhöndlun úrgangs.
2. Gr. 5.1 í starfsleyfi. Skrá skal upplýsingar um breytingar á umfangi urðaðs úrgangs (sig) sem er liður í skráningum innra eftirlits rekstraraðila.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 16. nóvember 2023.

Virðingarfyllst

Halla Margrét Viðarsdóttir
sérfræðingur

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur